

## Þýska undrið, auðvaldið og Adolf Hitler. 1: Söguritun og vitundariðnaður

(Þetta er fyrsti þáttur af fimmtán um efnið. Ítarlegur heimildalisti fylgir þeim síðasta.)

Vitundin mótast af þeim áhrifum, sem við verðum fyrir. Barnið lærir það, sem fyrir því er haft. Vitundin er að sumu leyti eins og hafið. Gárur á yfirborði hafa lítil áhrif á þunga strauma dýpisins. Dýpri viðhorf, þrungin sterkum tilfinningum, stjórna venjulega hugsun, gjörðum og túlkun. Viðbrögð eru því oft umhugsunarlítil, ósjálfráð. Markviss eða gagnrýnin hugsun kemur sjaldnast við sögu. Besta leiðin til að ráðskast með vitundina er því að sneiða hjá rökhugsun og þekkingu og senda tilfinningaþrunginn boðskap í síbylju niður í djúp hugans.

Dýpri viðhorf geyma almenningsvisku og skilning á veröldinni. Henni er venjulega miðlað og stjórnað af traustvekjandi yfirvaldi. Slík viska er jafnframt grunnstoðin í skilningi á okkur sjálfum. Sjálfsviska og -virðing eru samofin, grundvöllur þess að vera maður meðal manna. Við bregðumst öndverð við, þegar sjálfsálitinu er ógnað. Það á t.d. við um áreiti og upplýsingar, sem brjóta í bága við innrætta almenningsvisku eða rétttrúnað. Það eru algeng viðbrögð að vísa slíkri ógn á bug, skella við henni skollaeyrum, láta hana sem vind um eyru þjóta.

Öðru máli gegnir um upplýsingar frá yfirvaldinu. Það stjórnar með lögum, reglum og upplýsingagjöf, höfðar til almennings- og samvisku. Traust til yfirvalda er hluti hins ósýnilega samfélagssáttmála. Þegar mikið liggur við ýfa valdhafar samviskuna og vekja óttann. Þá verðum við auðsveip, þráum öryggi, lausnarorð, bjargráð. Þá erum við sérstaklega næm fyrir múgsefjun, beygjum okkur undir bjargvættisvaldið.

Kvikmyndagerðarhetja Þjóðverja á stríðsárunum, Leni Riefenstahl (1902-2003), kallaði fyrirbærið „undirlægjutómið“ (submissive void). Krafan um þjóðernisdýrkunin í myndum hennar var ekki samkvæmt skipun að ofan. Hún bergmálaði úr undirlægjutómi þjóðarsálarinnar.

Nóbelsverðlaunahafinn í bókmenntum, hinn breski Harold Pinter (1930-2008), lýsir svipuðu fyrirbæri, þegar hann ræðir utanríkisstefnu Bandaríkjanna eða öllu heldur áróður fyrir henni. Hann segir á þessa leið:

Grunnstoðir áróðursins eru rangfærslur, málæði og merkingarbrenglun tungumálsins. Þær eru afar sannfærandi, en eru í raun lygaþvættingur. En verulega áhrifaríkur áróður. Áróðurmennirnir sitja á peningasekkjum, búa yfir tækninni og hafa leiðir til að komast upp með áróðurinn – og það gera þeir.

Öryggisráðgjafinn og fyrrum leyniþjónustumaðurinn, Philip Giraldi, kallar þetta lygasmiðju.

Áróður ber þekkingu og gagnrýna hugsun ofurliði. Hjarðeðlið tekur stjórn. Þetta vita þeir, sem hafa múg- eða lýðstjórnun að atvinnu. Einnig laskaðar mannverur, siðleysingjar og yfirvöld, sem finna hjá sér þörf til að deila og drottna, ná heljar- eða hreðjatakni á fólki, stela sjálfsvaldi þess.

Menntun og fjölmiðlun vega þungt í þessu sambandi. Áhrif auglýsinga og áróðurs eru þekkt. Bestur árangur felst í því, að virkja dýpri viðhorf og tilfinningar, for- eða undirvitund, og óttann við yfirvaldið. Því einsleitari sem fjölmiðlun er, því meiri líkur eru á velheppnuðum heilaþvotti.

Thomas Jefferson, forseti Bandaríkjanna, sagði eitt sinn (1807): „Um þessar mundir má engu trúna, sem í dagblöðunum stendur. Sannleikurinn sjálfur fær á sig tortryggilega mynd, birtist hann á síðum þessara menguðu miðla (vehicle). Raunverulegt umfang rangfærslanna þekkja einungis þeir, sem búa yfir þekkingu á staðreyndum, sem kippa stoðunum undan lygum dagsins.“

Því miður er það svo, að hvorki blaðamenn, né sagnfræðingar, sem skrifa söguna á grundvelli fréttanna, skoða heimildir í kjölinn. Það á einnig við um þá, sem skrifa söguna á grundvelli tiltekinna hagsmuna eins og t.d. sagnfræðingarnir tuttugu, sem auðkýfingarnir, John. D. Rockefeller (1839-1937) og Andrew Carnegie (1835-1919), fengu til að skrifa bandaríska og alþjóðlega sögu. (Ari fróði Þorgilsson (1067-1148) skrifaði söguna fyrir íslenska höfðingjastétt.) En vissulega eru lofsverðar undantekningar.

Svokallað Knoll lögmál, kennt við bandaríska blaðamanninn, Edwin Knoll (1924-2011), um sannsögli fréttamanna, segir: „Allt, sem þú lest í dagblöðunum er heilagur sannleikur, nema þegar fjallað eru um það, sem þú þekkir frá fyrstu hendi.“

Einstöku sinnum rákust stríðshauknum, Winston Leonard Spencer Churchill (1874-1965), breska flotamála- og forsætisráðherranum, rétt orð á munn. Hann sagði t.d. hin fleygu orð: „Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í stríði [og] sagan er skrifuð af sigurvegurinum.“

Annar stríðshaukur sögunnar, Napoleon Bonaparte (1769-1821), keisari Frakka, hafði enn þá frjálsslegra viðhorf til söguritunar. Hann lét þessi orð falla: „Hvað er sagnfræði (eða saga) annað en goðsögur, sem menn sammælast um.“

Hinn snjalli rithöfundur, Dan Brown, tekur í svipaðan streng. „Sagan er ævinlega skrifuð af sigurvegurinum. Þegar árekstrar verða millum menningarheima, er sá, er bíður lægri hlut, þurrkaður út, en sigurvegarinn skrifar sögubækur. Þær hefja til skýjanna eigin málstað, en smána hinn sigraða andstæðing.“

Því er ærin ástæða til að skoða söguskrif gaumgæfilega, fletta hulunni af staðreyndunum í villandi og rangsnúinni fjölmiðlaumræðu og sagnfræði, sem á henni er grundvölluð.

Það tekur algeríski heimspekingurinn, Malek Bennabi (1905-1973), sem var meðal mestu hugsuða Múhameðstrúarmanna tuttugustu aldar, undir. Hann segir m.a.:

„Enn er óskrifuð hin eiginlega saga nútímans, þar eð einungis hefur verið fjallað um hana á yfirborðskenndan hátt. Það þarf sérstakan hóp áhugamanna til að rýna leyndarmál og -dóma sögunnar (...) til að eftirláta kynslóðum framtíðarinnar réttmætar og áreiðanlegar upplýsingar um arfleifð eigin heimsmenningar.“

Kennsla við æðri menntastofnanir um Þriðja ríkið er oft og tíðum áróðri líkastur. En stundum malda sagnfræðingar í móinn. Christina Jeffrey, gaf svofellda umsögn um námskeið um efnið við Kennesaw háskólann í Bandaríkjunum:

„Námsskráin ber hvergi vott um jafnvægi eða hlutlægni. Jafnvel þótt sjónarmið nasista eigi ekki upp á pallborðið, en það sjónarmið engu að síður.“ (Hún var í rekin úr starfi við Bandaríkjaþing fyrir andsemítahyggju (anti-Semitic).)

Einn af skýrustu sagnfræðingum samtímans, hinn kanadíski Matthew Ehret, lítur á söguritun og-skilning sem stöðugar hræringar. Aflvaki þeirra eru hugmyndir um góðvild og illsku og gjörðir, sem af þeim spretta, og frelsið til að viðurkenna mistök, spillingu og lygar, sem oft og tíðum hafa yfirbragð sannleikans.

Vald fjölmiðla og bakhjarla þeirra, hefur varla farið fram hjá nokkrum manni á líðandi stundu, sbr. vitfirringu eins og kven- og kynfrelsun, stríð, veiru og loftlagshamfarir. Raunar mætti segja, að um vitundariðnað sé að ræða.

Rannsóknarblaðamaðurinn, Kristina Borjesson (1954-2023), sem rannsakaði TWA Flight 800 slysið í Bandaríkjunum fyrir um aldarfjórðungi síðan, komst fljótt að því, að það var maðkur í mysunni. Hún bjó yfir sannindamerkjum um samsæri margra stofnana á fleiri stigum stjórnkerfisins um að draga dul á raunverulegar orsakir slyssins. Hún hefur gert heimildarmynd um málið.

„Það var eins og í sögu Orwell 1984, umsvifalaus endurritun sögunnar átti sér stað. Það rann upp fyrir mér, hversu skelfilega auðvelt það er,“ sagði hún.

Ástralski blaðamaðurinn, John Pilger (1939-2023), tók í svipaðan streng:

„Blaðamennska snýst um að gera valdhafa ábyrga, spyrja óþægilegra spurninga, og ljá rödd hinum raddlausu. ... Eiginlegur prófsteinn blaðamenskunnar er ekki einungis að skýra frá því sem gerist heldur hvers vegna það gerist. ... Við störfum innan vébanda kerfis, sem er andsnúið sannleikanum.“

Það þarf ekki að skyggjast langt um öxl til að greina fleiri dæmi eins og t.d. árásina á tvíburaturnana í Nýju Jórvík (goðsögnin um öxulveldi illskunnar), innrásina í Írak (goðsagan um gereyðingavopnin), morðið á Kennedy bræðrunum, John Fitzgerald (1917-1963) og Robert (1925-1968), Yasser Arafat (1929-2004) og Yitzhak Rabin (1922-1995). Sannleiksfrömuðurnir (hin nýja stétt fact checkers) fjölmiðla, stjórnvalda og auðmanna, kalla þetta - eins og Leyniþjónusta Bandaríkjanna - samsæriskenningar.

Það er mikilvægt að kunna skil á staðreyndum og draga merkingarbærar ályktanir af þeim. Sérstaklega á þetta við um atburði eins og heimstyrjaldirnar tvær – eða tvo fyrstu þætti yfirstandandi styrjaldar – sem mótað hafa allt mannlíf í veröldinni. Það er áriðandi að gera sér grein fyrir samhengi sögunnar og umfram allt að greina hreyfiöfl hennar og orsakir.

Áróður endurspeglast stundum í orðanotkun. Fáir gera sér t.d. grein fyrir því, að orðin, „nasismi og nasisti,“ séu áróðursorð Gyðingamiðla yfir þýska þjóðernisjafnaðarmenn og stefnu þeirra, „National Sozialismus.“

<https://rarehistoricalphotos.com/hitler-reacts-kiss-woman-1936/>